

SKÝRSLA FRAMKVÆMDARÁÐS UM STARFSÁRID 1991 - 1992

Landsfundur 1991 var haldinn á Seltjarnarnesi 15. - 17. nóv.
í fyrn (1991). Undirbúningsnefnd skipuðu Bryndís Guðmundsdóttir, Dóra
Hlin Ingólfssdóttir, Ella Kristín Karlsdóttir, Guðrún
Guðmundsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Katrín Pálsdóttir.
Var það álit flestra, að dagskrá og aðbúnaður hefði verið með
ágætum. Fundurinn var hins vegar óvenju illa sóttur, og var það
helsta ástæðan fyrir því, að þátttökugjöld stóðu engan veginn
undir kostnaði. Hallinn varð kr. 184.546, og olli það
náttúrulega tölverðum sorgum þeirra, sem héldu um budduna
krampakenndu taki á síðastliðnu starfsári.

Vorþingið var hins vegar í umsjá Austurlandsanga og var haldið
á Seyðisfirði 29. - 31. maí. Í það skipti skorti ekki áhugann,
og virðist sem fundir utan höfuðborgarsvæðisins hafi meira
aðdráttarafl, þrátt fyrir aukinn kostnað þeirra vegna.
Vorþingið var vel sótt, kröftugt og skemmtilegt, en að öðru
leyti vísast til frásagnar í 6. tbl. Fréttabréfs þessa árs.

Þír samráðsfundir kvenna úr öllum öngum voru haldnir á
starfsárinu, 2. maí, 12. september og 17. október.

Starfið frá síðasta landsfundi markaðist tölувert af
sparnaðaraðgerðum, sem samþykktar voru til þess að lagfera
fjárhagsstöðu Kvennalistans. Framkvæmdaráð hefur velt vöngum
yfir hverri krónu og vissulega haft árangur sem erfiði. Það
tókst að minnka kostnað á flestum póstum, og munaði þar mestu,
að fækkað var um heilt stöðugildi á skrifstofunum. Auk þess
fékkst húsaleiga lækkuð, dregið var úr kostnaði við
Fréttabréfið, auglýsingar í algjöru lágmarki og jafnvel neitað
um smáaura til styrktar góðum málefnum, en alltaf berst
tölувert af slikum beiðnum til Kvennalistans. Þó léttum við það
eftir okkur að gefa í söfnun Barnaheilla vegna vegalausra
barna, í söfnun Kvennaathvarfsins og í söfnunina Brauð handa
hungruðum heimi.

VERU-konur létu ekki sitt eftir liggja í aðhaldi og sparnaði og hafa lagt hart að sér til að bæta stöðu blaðsins. Þar hefur tekist að minnka kostnað jafnhliða og áskrifendum hefur fjölgað mikið, og nú er svo komið, að tekjur VERU standa að mestu leyti undir kostnaði. Vonandi verða ekki breytingar á lögum um virðisaukaskatt til þess að eyðileggja þann góða árangur.

Pannig má segja, að stefna hinnar hagsýnu húsmóður hafi ráðið ferðinni og skilað góðum árangri þetta síðastliðna starfsár. Því er svo ekki að leyna, að sumum þykir þessi stefna e.t.v. hafa sett starfseminni of miklar skorður og átt sinn þátt í, að Kvennalistinn hafi ekki verið nógu sýnilegur. Starfskonur í einu og hálfu stöðugildi komast ekki yfir meira en það allra nauðsynlegasta og jafnvel ekki einu sinni það. Framkvæmdaráð tók því þá ákvörðun að bæta aftur við hálfu stöðugildi, eins og alltaf var ætlunin, þegar fjárhagurinn hefði vænkast.

Svo sem nærri má geta var lítið um fjárfestingar. Þó varð ekki hjá því komist að kaupa nýjan tölvuprentara, sem Kvennalistinn og VERA samnýta. Gripurinn var keyptur nú í haust og kostaði heilar 39 þús. kr.

Drifa dreif í því að koma betra skipulagi á skjöl og önnur gögn Kvennalistans. Vorum við svo stálheppnar að fá gefins skjalaskáp einn mikinn og þurftum aðeins að kaupa innvolsið. Er nú stórum léttara að rata á réttu gögnin, þegar á þarf að halda.

Lengi hefur staðið til að endurnýja söluvarning Kvennalistans, sem nánast hvarf á vestnorðræna kvennaþinginu í ágúst sl. Er það mál nú komið á fullan skrið og þess vænst, að enn sem fyrr geti konur fundið sitthvað eigulegt í söluskápnum okkar til gjafa eða handa sjálfum sér.

Oft var rætt um einhvers konar kvennaskólastarfsemi á fundum framkvæmdaráðs sl. veturn og starfshópur settur í málið, en það komst aldrei af undirbúningsstigi þrátt fyrir miklar umræður og töluverðan áhuga.

Síðastliðinn veturnar bauðst Kvennalistanum að annast vikulegan tveggja klukkustunda morgunþátt á Aðalstöðinni til skiptis við gömlu flokkana. Boðið var þegið, og urðu nú margar reynslunni ríkari við gerð útvarpsþátta. Má þar nefna Hólmfriði Garðars, Drifu H. Kristjáns, Elsu Guðmunds, Þóru Ásgeirs, Eygló Ingadóttur, Sigrúnu Helga, Danfriði, Sigrúnu Jóns og Kristínu Árnu, auk þaulvanra útvarpskvenna, eins og Sigrúnar Sigurðar og Helgu Thorberg.

Kvennalistinn stóð að opnum fundi 8. mars á Hótel Borg ásamt konum úr Alþýðubandalaginu, Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna og Samtökum kvenna á vinnumarkaði. Megintilgangur fundarins var að mótmæla atvinnuleysi og ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar.

Enn sem fyrr gáfust mörg tilefni til þátttöku í ráðstefnum og fundum heima og erlendis, þar sem Kvennalistinn fékk umfjöllun og athygli. Sérstæðasta boðið kom frá Il Club delle Donne í Róm, sem sæmdi Kvennalistann svokölluðum Minervu-verðlaunum við sérstaka athöfn 22. nóvember 1991. Ingibjörg Hafstað veitti verðlaununum viðtöku fyrir hönd Kvennalistans og ségir frá því ævintýri í 1. tbl. Fréttabréfsins '92. Guðrún Gísladóttir sótti ráðstefnu um "Kvinnors inre marknad" í Stokkhólmi í febrúar og lýsir henni í 4. tbl. Fréttabréfsins. Í sama tbl. lýsir Ragnhildur Vigfúsdóttir þátttöku sinni í Norðurlandaráðsþingi æskunnar í Finnlandi í febrúarlok. Þóra Ásgeirsdóttir sótti fyrir okkar hönd kvennaráðstefnu í Brussel um öryggi og samvinnu í Evrópu. Og í 8. tbl. segir Guðrún Agnarsdóttir frá kvennaráðstefnu í Dublin í júlí sl., þar sem hún sagði frá Kvennalistanum. Þá ráðstefnu átti upphaflega að halda hér á landi, en ekki tókst að tryggja fjármögnun hennar í taka tið.

Ekkert lát er á heimsóknum útlendinga, aðallega kvenna úr röðum fræðimanna og fjölmíðlafólks, sem vilja kynna sér aðferðir og árangur Kvennalistans. Rétt til að gefa hugmynd um þennan þátt starfseminnar, sem mæðir reyndar mikið á þingkonunum, þá höfum við nú á síðustu vikum fengið heimsóknir frá Fýskalandi, Noregi, Kanada, Hollandi, Bandaríkjunum og Svíþjóð.

Kvennalistinn tók virkan þátt í vestnorðenu kvennaráðstefnunni á Egilsstöðum 20. - 23. ágúst sl. Kristín Æstgeirs flutti dagskrá um sýnilegar og ósýnilegar formæður okkar ásamt leikkonunum Eddu Heiðrúnu Backman og Kristbjörgu Kjeld. Jóna Valgerður ávarpaði þingið fyrir hönd vestnorðenu þingmannanefndarinnar. Kristín Æstgeirs, Anna Ólafsdóttir Björnsson og Anna Kristín Ólafsdóttir höfðu framsögu um fortíð, nútíð og framtíð Kvennalistans, og Jóna Valgerður stýrði umræðum að þeim loknum. Og Kristín Einars sagði frá (umhverfisráðstefnunni í Ríó), Nina Helgadóttir sá um kynningararbás Kvennalistans, þar sem konur skiptust á um að veita upplýsingar og selja vörurnar okkar, sem runnu út eins og heitar lummur. Frásögn Nínu Helgadóttur af kvennaþinginu birtist í 9. tbl. Fréttabréfsins.

Drifa H. Kristjánasdóttir, sem kom til starfa á Laugavegi 17 haustið 1991, er nú sest á skólabekk í kvennafræðum í Hollandi. Þórumn Sveinbjarnardóttir var ráðin í hennar stað frá 1. september sl. og í fullt starf frá 1. október. Opnunartími á Laugavegi 17 er eftir sem áður 3 tímar hvern virkan dag, en breytilegur eftir dögum, þ.e. kl. 13 - 16 á mánudögum og miðvikudögum og kl. 15 - 18 á þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum.